

# 63. stjórnarfundur Bergrisans bs.

18.09.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 10.30

**Fundinn sátu:** Fjola Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Elliði Vignisson.

Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Erna Harðar Sólveigardóttir, Sigbrúður Birta Jónsdóttir og Íris Ellertsdóttir.

Gestur undir fundarlið eitt er Hólmfríður B. Sigurðardóttir, lögmaður hjá Juris.

Gestur undir fundarlið tvö er Heiða Ösp Kristjánsdóttir.

## Dagskrá

### 1. Málefni Breiðabólstaðar

Embætti héraðssaksóknara hefur hætt rannsókn í máli nr. 300-2022-73. Ekki þykir grundvöllur til að halda rannsókn málsins áfram og er henni því hætt með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Gestur undir fundarlið eitt var Hólmfríður B. Sigurðardóttir, lögmaður hjá Juris.

Stjórn Bergrisans mun ekki kæra niðurstöðu héraðssaksóknara.

### 2. Fundargerðir þjónusturáðs

#### 1. Nr. 172

Stjórn Samþykkir fundargerðina.

### 3. Beiðni um kostnaðarþátttöku í sérhæfðu búsetuúrræði með sólahringsþjónustu

Heiða Ösp Kristjánsdóttir kynnir erindið fyrir hönd þjónustuvæðis Árborgar í fjarveru deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar.

Velferðarþjónusta Árborgar óskar eftir heimild fyrir gerð þjónustusamnings til eins árs við EMBLU sjálfseignarstofnun um þjónustu við einstakling með fjölþættan vanda.

Stjórn Bergrisans samþykkir beiðnina á þeim forsendum að rekstraráætlun og samningur verði endurskoðaður í janúar 2024.

### 4. Erindi vegna VISS Ölfusi

Fyrirliggjandi er beiðni um aukningu stöðugildis deildarstjóra VISS í Þorlákshöfn. Hækkar starfshlutfall úr 50% í 80%. Kemur þörf fyrir aukningu til vegna aukinna umsvifa í starfseminni en notendum þjónustunnar hefur fjölgað verulega. Gera má ráð fyrir kostnaðaraukningu vegna þessa um 1.060.000 mkr. á árinu 2023.

Stjórn Bergrisans samþykkir beiðnina.

## 5. Framlög til úrbóta á aðgengismálum

Á árunum 2023 og 2024 verður Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs heimilt að úthluta allt að 415 mkr. til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks. Hefur þjónustusvæði Bergrisans verið úthlutað 39.740.944 kr. af því heildarframlagi. Framlag Jöfnunarsjóðs miðast við 50% kostnaðarhlutdeild í verkefnum.

Er þjónustusvæðinu gert að standa saman að umsóknum. Umsóknir skulu berast til stjórnar Bergrisans á þar til gerðum eyðublöðum. Stjórn Bergrisans ákveður kostnaðarskiptingu á framlagi Jöfnunarsjóðs sem miðar við íbúafjölda 1. janúar 2023.

Verkefnastjóra Bergrisans er falið að útfæra verklag og senda til aðildarsveitarfélaga.

Þjónusturáð og verkefnastjóri víkja af fundi klukkan 11:35

## 6. Samráðshópur um starfsemi Bergrisans bs.

Samráðshópur um skipulag starfsemi Bergrisans óskar eftir að Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður, vinni álit fyrir hópinn.

Formanni Bergrisans falið að leita eftir álit lögmanns.

## 7. Önnur mál

Aðalfundur Bergrisans verður haldinn þann 16. október næstkomandi í félagsheimilinu Borg í Grímsnesi, klukkan 13.30.

Er verkefnastjóra Bergrisans falið að boða til fundarins.

Fundartími stjórnar verður héðan af á mánudögum klukkan 13:00 á fjögurra vikna fresti.

Fundi slitið klukkan 11:59.

